



Velferðarráð

Reykjavík, 27. febrúar 2026

MSS26020088

Tillaga fulltrúa ÖBÍ um hækkun á útlögðum kostnaði starfsfólks í stoðþjónustu

Á fundi mannréttindaráðs 26. febrúar 2026, var samþykkt að vísa meðfylgjandi tillögu fulltrúa ÖBÍ til meðferðar velferðarráðs sbr. 2. lið fundargerðar mannréttindaráðs sama dag.

Mannréttindaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttindaráðið tekur undir að það sé mikilvægur þáttur fyrir lífsgæði fatlaðs fólks að starfsfólkið í stoðþjónustu geti tekið þátt í viðburðum sem þjónustuþegar þeirra sækja.

Tillögunni er því hér með vísað til meðferðar velferðarráðs.

Valgerður Jónsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:



Reykjavík, 18. febrúar 2026
MSS26020088

Mannréttindaráð

TILLAGA

Tillaga fulltrúa ÖBÍ um hækkun á útlögðum kostnaði starfsfólks í stoðþjónustu

Lagt er til að mannréttindaráð samþykki að óska eftir við velferðarráð að skoða leiðir til að hækka upphæð endurgreiðslu til starfsfólks í stoðþjónustu velferðarsviðs. Borgin hefur boðið starfsmönnum sem sinna stoðþjónustu upp á möguleika á endurgreiðslu fyrir útlögðum kostnaði vegna veitinga og afþreyingu á vinnutíma að hámarki upphæð 5.110 krónur á mánuði. Upphæðin hefur ekki hækkað í takt við verðlagsþróun undanfarinna ára. Óskað er eftir að kannað verði hvort hækka megi upphæðina í 8000 krónur.



Reykjavík